

## Umsögn

**Til: Sviðstjóra skóla- og frístundasviðs**

**Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs**

***Efni: Tillaga stýrihóps um umbætur og skipulag leikskólastarfs um breyttan opnunartíma leikskóla***

Skóla- og frístundasvið hefur óskað eftir umsögn vegna tillögu stýrihóps um umbætur og skipulag leikskólastarfs um breyttan opnunartíma leikskóla.

Tillagan felur í sér að opnunartími í leikskólum borgarinnar verði frá kl. 07:30-16:30, í stað 07:30-17:00. Gert er ráð fyrir að full mönnun verði frá 08:30-16:30. Þá er gert ráð fyrir því að 1-2 leikskólar í hverju hverfi verði opnir til 17:00 til að koma á mótis við þann hóp foreldra sem þarf á dvöl að halda eftir kl. 16:30. Gert er ráð fyrir að tillagan taki gildi frá og með hausti 2022. Kostnaður á ársgrundvelli er metinn 42,5 m.kr. vegna þessara aðgerða. Kostnaðurinn verður til vegna yfirvinnu í 30 mín. hjá fjórum starfsmönnum í hverjum leikskóla sem manna opnun frá 16:30-17:00. Gert er ráð fyrir að 11 leikskólar verði með slíka opnum og því 44 starfsmenn sem myndu fá greidda yfirvinnu.

Auk þess er óskað eftir því að full mönnun hefjist strax skólaárið 2021-2022 hjá þeim skólum sem hafa opið til kl. 17:00. Þetta eru 45 leikskólar. Ekki fylgi kostnaðarmat með þeirri ósk.

Samkvæmt SFS er í dag 247 börn með dvalarsamning lengur en til 16:30. Tillagan gerir ráð fyrir að öll þau börn sem eru núna með samninga til kl. 17:00 flytjist yfir í þá 11 leikskóla sem munu bjóða upp á vistun til kl. 17:00 eftir breytingarnar. Meðal barngildi á hvern starfsmann er um 6 börn og því er gert ráð fyrir að þurfa 4 starfsmenn í hverjum skóla þar af tveimur stjórnendum og tveimur almennum starfsmönnum. Meðal yfirvinnulaun á mánuði eru metnar 80.463 kr.

Meðal yfirvinnulaun með launatengdum gjöldum fyrir 30 mín á dag	
Stjórnandi, pr. mánuð	104.233
Starfsmaður, pr. mánuð	56.694
<b>Meðal laun:</b>	<b>80.464</b>

Fjármála- og áhættustýringarsvið telur að komast mætti af með einn stjórnanda og þrjá almenna starfsmenn og þá væri meðal launin 68.579 kr. Í útreikningum frá starfshópnum er

gert ráð fyrir greiddri yfirvinnu í 12 mánuði á ári. Fjármála- og áhættustýringarsvið tekur ekki undir þá nálgun enda leikskólar lokaðir í 4 vikur á sumrin og því megi gera ráð fyrir að einungis sé greidd yfirvinna vegna 11 mánaða á ári.

Kostnaðaráhrif tillögu að mati FAS	
<b>Stjórnandi, pr. mánuð</b>	104.233
<b>Starfsmaður, pr. mánuð</b>	56.694
<b>Meðal laun</b>	<b>68.579</b>
Fjöldi leikskóla með opnun til 17:00	11
Fjöldi starfsmanna pr. leikskóla eftir 16:30	4
<b>Kotnaður á mánuði</b>	<b>3.017.465</b>
<b>Kostnaður á ári</b>	<b>33.192.115</b>

Mikilvægt væri að taka stöðuna þegar skráningar í vistun til kl. 17:00 haustið 2022 liggja fyrir í þessum 11 leikskólum eftir að breytingin tæki gildi til að meta hver væri raun þörfin. Telja má líklegt að ekki muni allir þiggja það að fá vistun eftir 16:30 ef það þarf að færa barnið í annan leikskóla.

Varðandi tillöguna að full mönnun kl. 08:30 taki strax gildi frá haustinu 2021 í öllum þeim skólum sem nú þegar bjóða opnun til 17:00. Tillagan var ekki kostnaðarmetin en fjármála- og áhættustýringarsvið hefur metið tillöguna á um 79,7 m.kr. fyrir skólaárið 2021-2022. Um er að ræða fulla mönnun frá 08:30 í 45 leikskólum í 11 mánuði og greiða yfirvinnu í 30 mín á dag fyrir tvo starfsmenn.

Kostnaðaráhrif við fulla mönnun frá hausti 2021 að mati FAS	
<b>Stjórnandi, pr. mánuð</b>	104.233
<b>Starfsmaður, pr. mánuð</b>	56.694
<b>Meðal laun</b>	<b>80.464</b>
Fjöldi leikskóla með opnun til 17:00	45
Fjöldi starfsmanna pr. leikskóla eftir 16:30	2
<b>Kotnaður á mánuði</b>	<b>7.241.715</b>
<b>Kostnaður á ári</b>	<b>79.658.865</b>

Það er mat fjármála- og áhættustýringarsviðs að bíða ætti með að fara í fulla mönnun frá 08:30-16:30 fyrr en að nýjar tillögur myndi taka gildi haustið 2022 þar sem það felur í sé mikinn kostnaðarauka á sama tíma og krafist er aðhalds í rekstri.

*Halldóra Káradóttir,*

*sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.*